

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 27. nóvember 2019 | 42 tbl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift vikulega frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

HÁHOLT 9



114 m² 42,8 millj. kr.
Björt og falleg 4ra herb. endaíbúð á fyrstu hæð í vel staðsettu fjölbyli á holtinu. Íbúðin var öll máluð nýlega. Nýjar eikar innihurðir. Góð sameign, ný máluð og ný teppi á stigagangi.

SVÖLUÁS 1A



106 m² 43,9 millj. kr.
Björt og rúmgóð endaíbúð á jarðhæð. Þrjú svefnherbergi, baðherbergi flisalagt í hólfi og gólf, rúmgott flisalagt þvottaherbergi. Ópið frá eldhúsi inn í bjarta og rúmgóða stofu. Ný heimilistæki í eldhúsi.

BÆJARHOLT 1



118 m² 44,5 millj. kr.
Nýuppgerð endaíbúð á þriðju hæð með flottu útsýni. Allar innihurðir og gólfefni eru ný. Íbúðin er nýmáluð. Baðherbergi gert upp frá grunni. Ný heimilistæki í eldhúsi.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

GUNNAR SV. FRÍÐRIKSSON



Sími 842 2217

HELGAFELL
FASTEIGNASALA



Opið virka daga frá 11:00-18:00
Laugardaga frá 10:00-16:00
www.litlagaeludyrabudin.is

Tendrun á þýsku jólatré í Jólaborpinu

Jólaborpið verður opið á föstudag kl. 17-20

Jólaborpið á Thorsplani verður formlega opnað þegar ljósin verða tendruð á jólatrénu á miðju Thorsplani en tréð er gjöf frá Cuxhaven, vinabæ Hafnarfjarðar í Þýskalandi.

Lúðrasveit Hafnarfjarðar og Karlakórinn Prestir skemmta frá kl. 18 og kl. 18.30 mun formaður vinabæjafélagsins í Cuxhaven og þýski sendiherrann á Íslandi tendra á trénu. Á eftir syngja Björgvin Halldórsson og Auður, Auðunn Lúthersson.

Jólaborpið verður svo opið um helgina kl. 13-18.



Litamynd: Guðni Guðnason

Thorsplan verðu komið í jólabúning á föstudagskvöld.

BESTA ÍÞRÓTTA LJÓSMYNDIN

Keppni opin öllum
Mynd tekin 2019
Skilafrestur 10. jan.
www.ibh.is

Jón Arlúss
KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655



Frumherji

BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5

Opið kl. 8-17 virka daga



Er nýja heimilið þitt í Hafnarfirði kannski hjá okkur?

Skoðaðu lausar eignir á heimavellir.is

HEIMA
VELLIR
ÖRUGGLEIGA

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Þessa dagana keppast bæjarfulltrúar við að rökstyðja það hvort gjaldskrárhækkanir séu hækkanir eða leiðrétting og hvort skattgreiðendur eigi að greiða beint með sínum sköttum fyrir kostnað við að gera lóð fyrir fjölbýlishús á íþróttasvæði en íþróttafélag fái að njóta lóðargjalda. Þá er vinsæl sú skoðun að vatnsgjald og fráveitugjald sé fasteignagjald eins og fasteignaskattur og því megi hækki annað ef hitt er lækkað.

Þetta geta ekki orðið gáfulegar umræður og ótrúlegt að kjómir bæjarfulltrúar þori ekki að kalla hlutina sínum réttu nöfnum og standa keikir við það sem þeir leggja til, enda ætti þeim að vera í lófa lagið að skýra það vel út fyrir bæjarbúum, séu þeir svona sannfærðir sjálfir.

Af hverju þora bæjarfulltrúar ekki að leggja til pening af skattfé bæjarbúa í annað knattspyrnuhús? Af hverju þarf að fela það á bak við byggingu fjölbýlishúss á svæði sem skipulagt er fyrir íþróttastarfsemi? Af hverju var því landi bara ekki skilað ef félagið þurfti ekki að nota það undir íþróttastarfsemi eins og bæjarstjórn hafði í raun lagt til á síðasta kjörtímabili!

Af hverju er ekki hægt að sýna bæjarbúum með skýrum hætti fjárfestingar og fjárfestingaráætlun Vatnsveitunnar ef bæjarfulltrúar eru svo sannfærðir að hún sé rekin skv. lögum og reglum sem slíkum veitum eru settar? Af hverju þótti eðlilegt að hækka fasteignaskattana þegar oftekið vatnsgjald var lækkað?

Það er svo þreytandi og niðurdrepandi að fylgjast með svona stjórnmálum! Hver er tilgangurinn? Þetta skapar a.m.k. ekki traust hjá bæjarbúum, sem ætti að vera keppikefli hverrar bæjarstjórnar.

Í Hafnarfirði búa 30 þúsund manns og meðal þeirra er að finna sérfræðinga á öllum sviðum. Að hunska álit bæjarbúa er ekki vænlegt til árangurs en það er á ábyrgð bæjarstjórnarinnar að kalla á réttan hátt eftir áliti og leiðsögn bæjarbúa hverju sinni, hvort sem málið er lítið eða stórt.

Batnandi fólk er þó best að lifa og nýr íbúafundur um framtíð miðbæjarinnar var ágætt dæmi um það þó fyrir hann hafi þó verið búið að skaða traust bæjarbúa til yfirvalda og synd hversu fáir mættu til að fjalla um þetta mikilvæga mál.

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfsdóttir Hannes Ó. Samþsted

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Heimshornaflakk með Lúðrasveit Hafnarfjarðar

Lúðrasveit Hafnarfjarðar heldur sína árlegu hausttónleika í Víðistaðakirkju á laugardaginn kl. 14.

Á efniðskránni verða lög úr ýmsum áttum. Farið verður á sannkallað heimshornaflakk; meðal annars verður staldrað við á Írlandi, Ísrael og Ítalíu. Auk annarra verka verða leikin Soferska eftir Bosniska tónskáldið Goran Bregovic, stef úr Paradísarbíóinu (Cinema Paradiso) eftir Ennio Morricone og syrpa af lögum eftir Benny Goodman. Góðkunningjar



Lúðrasveitarinnar, John Philip Sousa og Philip Sparke verða heldur ekki langt undan.

Stjórnandi Lúðrasveitar Hafnarfjarðar er Rúnar Óskarsson. Sjá nánar á ludrasveit.is

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 1. desember

Fyrsti sunnudagur í aðventu

Aðventuhátíð kl. 17

Fjölbreytt dagskrá. Fram koma:

Regína Ósk söngkona
Kór Víðistaðasóknar
Barnakór Víðistaðakirkju
Helga Þórdís Guðmundsdóttir.

Margrét Lilja Vilmundardóttir
flytur hugleiðingu.

Fjárórflun kirkjukórs á eftir:
Létt hlaðborð gegn vægu gjaldi.

Ath! Ekki posi á staðnum.

Verið velkomin!

www.vidistadakirkja.is

Frikirkjan í Hafnarfirði

Sunnudagurinn 1. desember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Aðventustund
í kirkjunni kl. 13

Sunnudagurinn 1. desember:

Jólafundur
Kvenfélagsins kl. 20

Í Hásölum, Safnaðarheimili
Hafnarfjarðarkirkju

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Ástjarnarkirkja

1. sunnudagur í aðventu, 1. desember

Messa kl. 17

Barnakór Ástjarnarkirkju syngur
og Sr. Bolli leiðir helgihald.

Aðventukaffi og smákökur
að messu lokinni.

Verið öll hjartanlega velkomin.



www.astjarnarkirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



1. sunnudagur í aðventu, 1. desember

Hátíðarmessa og sunnudagaskóli kl. 11

Félagar í Annríki taka þátt í messunni í þjóðbúningum og eru kirkjugestir hvattir til að koma í þjóðbúningum

Barbörúkórinn syngur aðventusálma og ættjarðarlög

Fjölbreytt dagskrá í sunnudagaskólanum

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Heitara í Bláfjöll- um en í byggð

Ekki frost í Bláfjöllum í tæpa viku



Ljóm.: Guðni Gellason

Á meðan bæjarbúar hafa þurft að skafa af rúðum bíla sinna hefur hiti farið upp í 4,3°C á hitamæli Veðurstofunnar við Bláfjallaskála sem er í 530 metrum yfir sjávarmáli.

Því hefur ekki einu sinni verið hægt að leggja gönguskiðaspor frá því um þarliðna helgi.

Engin veðurstöð Veðurstofunnar er í Hafnarfirði en ein slík er í Kaupúni í Garðabæ, skammt frá bæjarmörkunum en hún er í 42 metrum yfir sjávarmáli svo ef hæð ætti ein að ráða ætti að vera 5°C hlýrra á þeirri stöð en í Bláfjöllum.

Svo hefur aldeilis ekki verið síðustu daga en frá kl. 4, aðfaranótt sunnudags og fram á mánudag hefur mælst frost á stöðinni í Garðabæ og mest -3,9°C. Frá miðvikudegi, fram á laugardag mældust hins vegar hitagráður og mest 7,3°C kl. 15 sl. föstudag en þá mældist 4,1°C í Bláfjöllum.

Sl. mánudag, þegar enn var tæplega 3°C, var þó lagt gönguskiðaspor en skv. upplýsingum úr Bláfjöllum hafði snjóinn rýrnað töluvert.

Skoða má veðurstöðvar og mælingar á vedur.is



Jóla ljósín

í Hafnarfjarðarkirkjugarði

Ljósín verða afgreidd dagana

8.-9. des.

13.-16. des.

20.-23. des.

Opið kl. 13-18 þessa daga

Lokað er aðfangadag.

Jóla ljósín ehf.

sími 692 2789

Panta má á www.jolaljosin.is

Hægt er að panta frá og með 1. desember

Velkomin í

Jólaþorpið

í Hafnarfirði

Opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 13-18

Opnunarhátíð föstudaginn 29. nóvember Kl. 17-20

18:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar

18:15 Karlaórinn Prestir

18:30 Ljósín tendruð á Cuxhaven-jólatrénu

18:40 Björgvin Halldórsson

19:00 Auður

Laugardagurinn 30. nóvember

14:00 Söngvasyrpa frá leikhópnum Lottu

14:30 Jólasveinarnir úr Dimmuborgum bregða á leik

15:00 Tónafljóð með ævintýrlega jólaskemmtun

15:30 Guðrún Árný

Sunnudagurinn 1. desember

14:00 Barnakór Ástjarnarkirkju

og Barna- og unglingakór Hafnarfjarðarkirkju

14:30 Skoppa og Skríttla

15:00 Jólabbal með Heiðari úr Pollapönki og Presti

16:00 Sveinn Sigurjónsson með nikkuna

Jólasveinarnir úr Dimmuborgum stelast í bæinn og Bettína verður á ferli á Strandgötunni með hestvagninn.

Hver á best skreytta húsið í Hafnarfirði?

Þú? Nágranni þinn? Vinur þinn í vesturbænum eða hver? Sendu okkur ábendingu á jolathorp@hafnarfjordur.is Verðlaun verða veitt fyrir best skreytta húsið í desember



Nánar á jolathorpid.is



Vilja hækka leigu um 21%

Var hækkuð um 10% 1. maí sl.

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað er áætlað að hækka leigu á félagslegu húsnæði um 21%.

Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2019 1.290 kr./m² og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða. Lagt er til að hækka leiguverð um 21%, eða í 1.561 kr.

áhersla á að kaupa 2-3 herbergja íbúðir en biðlistar eru eftir þeim íbúðum.

HEILDARVIÐHALDSFÉ HÆKKAR EN ÍBÚÐUM FJÖLGAR EINNIG

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og



Ljóm: Guðni Glásson

VAR HÆKKAD UM 10% 1. MAÍ 2019

Íbúi í félagslegu húsnæði sem hafði samband við Fjardarfrettir bendir á að leigan hafi hækkað um 10% 1. maí sl. eða rétt mánuði eftir undirritun lífskjarasamningana. „Ekki fengum við öryrkjar neina hækkun þá,“ segir hann og bendir á að 21% hækkun ofan á það gerir þá 33,1% hækkun á einu ári. Við það bætist svo vísitölhækkun. „Þetta kemur sér verulega illa fyrir öryrkja eins og mig og þýðir u.þ.b. 25.000 kr hækkun á leigu á mánuði eða 300.000 kr. á ári en það er 50.000 kr meira en sem nemur útborguðum bótum hjá mér á einum mánuði.“

LEIGIR 268 ÍBÚÐIR

Hafnarfjarðarkaupstaður á 260 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og átta íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af eru fimm íbúðir frá Íbúðalánasjóði. Á árinu 2018 voru keyptar fjórtán íbúðir og keyptar hafa verið sjö íbúðir það sem af er þessu ári.

Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2020 til 2023. Stefnt er að því að kaupa um 14-15 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 30 milljónum króna. Lögð hefur verið

gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald. Nokkur aukning hefur verið á þessum liðum vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 87 milljónir króna og hækkar um 8 milljónir króna milli ára, eða um 10%.

Ekki kemur fram í greinargerð með fjárhagsáætlun hvort aukinn viðhaldskostnaður komi til vegna niðurskurðar á framlagi til viðhalds eins og verið hefur vegna annars húsnæðis Hafnarfjarðarkaupstaðar frá bankahruni og jafnvel lengur.

SÉRSTAKAR HÚSALEIGU-BÆTUR KOMA TIL MÓTS

Sigurður Haraldsson, sviðstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ segir tap hafi verið á rekstri leiguíbúðanna og því hafi þurft að hækka leiguna. Hún sé þó áfram með lægra móti og með nýlegri samþykkt á sérstökum húsaleigubótum til leigutaka ættu a.m.k. tekjulægstu leigjendurnir ekki að verða fyrir útgjaldaaukningu. Þá segir Sigurður aðspurður að 10% hækkunin í maí hafi í raun átt að koma til verka 1. janúar sl. en hafi verið seinkað til 1. maí.

Þá segir hann húsaleigu í Hafnarfirði áfram verða með lægra móti á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúasamráð um lifandi miðbæ

Það er mikið fagnaðarefni að stefnubreyting hefur orðið varðandi vinnu við deiliskipulag miðbæjar Hafnarfjarðar þar sem íbúasamráð verður haft að leiðarljósi. Þetta er stefnubreyting hjá núverandi meirihluta Sjálfstæðs- og Framsóknarflokks sem hafði lítinn áhuga á samtali við íbúa og hagsmunaaðila og raunar hafnaði tillögum um það og felldi líka úr gildi ramma-skipulag sem byggði á mikilli samvinnu við íbúa.



Stefán Már Gunnlaugsson

bókun um það í skipulags- og byggingarráði nú í september. Í bókuninni er lagt til að ferlið við endurskoðun miðbæjarskipulagsins verði hafið að nýju og áhersla lögð á virkt íbúasamráð frá upphafi.

SÝNDARSAMRÁÐ?

Þessi bókun er nú grundvöllurinn að nýju upphafi sem hófst í síðustu viku á vinnufundi með íbúum. Það var afar ánægjulegt að taka þátt í

samtalinu og heyra hugmyndir íbúanna um hvernig við getum byggt upp hjarta Hafnarfjarðar með fjölbreyttri íbúa-byggð og öflugri þjónustu og verslun. Spennandi verður að sjá nýjar niðurstöður starfshópsins sem taka mið af vilja íbúanna og hugmyndum þeirra. Nema meirihlutinn ætli sér einungis í samráð til að sýnast og láti hugmyndir íbúanna sig engu skipta. Það væri í takt við fyrri vinnubrögð, en fólkið í bænum lætur það ekki yfir sig ganga eins og reynslan staðfestir.

Fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulags- og byggingarráði,

ENGINN VILL KANNAST VIÐ TILLÖGURNAR

Fyrr á þessu ári var skipaður starfshópur um vinnu miðbæjarins með afar óljóst hlutverk. Hann skilaði nú í haust drögum að skýrslu þar sem fram kom í fylgiskjali mikil aukning byggingamagns með háum húsum og m.a. byggingum á uppfyllingu við ströndina sem gjörbreytti á mynd bæjarins. Allt gert án samráðs eða samtals við íbúa, enda mættu þessar hugmyndir harðri andstöðu íbúanna. Þá vildi enginn kannast lengur við tillögur starfshópsins.

Samfylkingin í Hafnarfirði hefur talað fyrir íbúasamráði og lagði fram

Frí blóðsykurmæling Lions



Hafnirsku Lionsklúbbarnir, Lionsklúbbur Hafnarfjarðar, Kaldá og Ásbjörn standa sameiginlega að blóðsykurmælingum fyrir almenning.

Mælt verður í Firði á laugardaginn kl. 11-16 fyrir utan apótekið.

Mælingin er fólki að kostnaðarlausu.

Hlíf mótmælir hækkunum

Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar hefur sent frá sér ályktun þar sem stjórnin mótmælir harðlega þeim hækkunum á álögur á íbúa Hafnarfjarðar, sem áformaðar eru og lesa má út úr frumvarpi að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2020.

„Hækkunar á heimaþjónustu, akstri aldraðra og húsaleigu í félagslegu húsnæði um tugi prósentu hittir þá fyrir sem síst skyldi. Þessu til viðbótar er áformað að hækka skatta og gjöld á eigendur íbúðarhúsnæðis, langt umfram tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga til sveitarfélaganna um að

hækka ekki álögur umfram 2,5%. Tilmælin komu fram í yfirlýsingu sem sambandið gaf í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í vor.“

Stjórn Vlf. Hlífar bendir á, að þessar hækkunar leggjast ekki á þá sem hafa breiðustu bökin og eru helst aflögufærir, heldur einkum á þá sem lakast standa: fatlað fólk, aldraða og ungar barnafjölskyldur í fjölbýli. Meirihluti bæjarsjórnar er hvattur til þess að hverfa frá þessum áformum áður en fjárhagsáætlunin verður afgreidd.

Jólatónleikar

Karلاكórsins

Prasta 2019



Laugardaginn 30. nóvember
í Hafnarfjarðarkirkju kl. 17

Einsöngvarar: Snorri Snorrason
og Stefán H. Stefánsson

Stjórnandi: Árni Heiðar Karlsson

Aðgangseyrir kr. 2000

Ljóðakaffiboð, ljóðalestur í heimahúsi

Hafnfirska skáldið Eyrún Ósk Jónsdóttir sendi nýverið frá sér ljóðabókina *Mamma má ég segja þér?* og hefur hún verið á meðal mest seldra ljóðabóka í bókabúðum síðan hún kom út. Þetta er tíunda bókin hennar en hún hefur áður sent frá sér ljóðabækur, unglingabækur og myndskreytta barnabók.

„Þessi bók fjallar um friðarmál, ást og kærleika. Friðarmálin hafa lengi átt stað í hjarta mínu en ég hef starfað með samstarfshópi íslenskra friðarhreyfinga og verið í undirbúningshópi fyrir friðargöngunni á Þorláksmessu og kerta-fleytinguna á tjörninni í minningu Hiroshima og Nagasaki í um 20 ár.

Hugmyndin að efni bókarinnar kviknaði fyrir um einu og hálfu ári síðan, þegar mér datt í hug að semja og flytja ljóðagjöfning um frið og kærleika á alþjóða friðardeginum í Frikirkju Hafnarfjarðar. Ég fór að velta fyrir mér hvort það væri nokkuð meira ögrandi í dag en einmitt að tala á einlægan hátt um kærleikann? Ég fann sjálf að ég þurfti ákveðið hugrekki til að opna hjartað mitt upp á gátt og tala að einlægni um ástina. Maður er oft svo hræddur um að vera of væminn eða ekki nógu töff. En þarna gerði ég mér grein fyrir hversu ögrandi einlægni og kærleikur eru í heimi þar sem hatur-s-orðræða og öfgahyggi fer vaxandi. Ég



Eyrún Ósk Jónsdóttir.

fékk griðarlega góð viðbrögð við gjörningnum og verkefnið óx í höndunum á mér. Ég var beðin um að flytja verkið víða hér heima en einnig á lista-hátið í Finnlandi. Það bættust alltaf fleiri og fleiri ljóð í safnið og nú eru þau komin út í þessari bók,“ segir Eyrún.

Bókin heitir eftir einu ljóðinu, *Mamma má ég segja þér?* en fyrir það fékk Eyrún einmitt sérstaka viðurkenningu í ljóðakeppni um Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir á árinu.

„Ég er á fullu að kynna og lesa upp úr bókinni og skipuleggja alls konar upplestra út um allt, en ég á alveg eftir að prófa að lesa úr bókinni heima í stofu, þannig að næsta sunnudag 1. desember á milli kl. 14 og 17 ætla ég að bæta úr því halda ljóðakaffiboð heima á Sunnivegi 11, neðri hæð, og bjóða upp á kaffi og með því og lesa persónulega fyrir þá sem banka upp á. Það er hægt að mæta hvenær sem er á milli 14 og 17 og fá ljóðalestur og kaffibolla. Maðurinn minn ætlar að standa vaktina á kaffivélinni og vöfla-

járninu. Allir velkomnir, vinir og vinir sem við eigum eftir að kynnast,“ segir Eyrún að lokum.

Grasblautir strigaskór
í hlæjandi dagrenningu

krian árvökul
barnið leggst
í blóðbergid

lyngið ilmar
af kærleika
og sól.

Hún hring minn ber



GULLSMÍÐJAN

Guðrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • WWW.GULLSMIDJAN.IS

SagaNatura – Öflugt hafnfirkst líftækni- og framleiðslufyrirtæki

Hafnfirski fyrirtækið SagaNatura ehf. varð til við sameiningu fyrirtækjanna SagaMedica heilsujurtir ehf. sem stofnað var árið 2000 og Keynatura ehf. sem stofnað var árið 2014.

Tilgangur með rekstri Sagamedica var að þróa og framleiða hágæða heilsuvörur úr íslenskum lækningajurtum og markaðssetja heima og erlendis. Að stofnun fyrirtækisins stóðu dr. Sigmundur Guðbjarnason, dr. Steinþór Sigurðsson, Bændasamtök Íslands, Ævar Jóhannesson og Þráinn Þorvaldsson. Var starfsemin byggð á grunnni rannsókna sem dr. Sigmundur lífefnafræðingur og fyrrum rektor Háskóla Íslands, hóf árið 1992. Þekktasta vörumerki fyrirtækisins var SagaPro en fyrirtækið hefur náð góðum árangri í útlutningi á sínum vörum.



SagaPro, sennilega þekktasta vara fyrirtækisins, er nú komið í 60 eininga alldósi en 30 eininga pakkningin er enn í kassa sem fyrr.

Keynatura var sprotafyrirtæki sem stofnað var af nokkrum aðilum með þekkingu úr mismunandi áttum. Fyrirtækið tók þátt í Startup Energy Reykjavík viðskiptahraðlinum í byrjun árs 2015 en þar fengu sjö fyrirtæki fimm milljónir króna í hlutafé, ókeypis skrifstofuáðstöðu og aðstoð yfir 60 aðila úr atvinnulífinu og akademíunni yfir tólf vikna tímabil. Þetta nýtti fyrir-



Stjórnendateymið á góðum degi við Hvalfjarvatn. F.v.: Tryggvi E. Mathiesen framleiðslustjóri, Hafsteinn Eyland, sölu- og markaðsstjóri, Lilja Kjalarsdóttir, rekstrar- og aðstoðarframkvæmdastjóri, Kristinn Bernhard Kristinnsson, fjármálastjóri og Páll Arnar Hauksson vörupróunarstjóri. Til gamans má geta að Tryggvi, Hafsteinn og Kristinn eru allir uppaldir Hafnfirðingar.

tæknið sér vel og tryggði sér svo rekstrarfjármagn frá Eyri Sprotum.

Fyrirtækið byggði upp þörungaframleiðslu í Hafnarfirði en vörur fyrirtækisins innihalda náttúrulegu þörungaafurðina astaxanthin sem fyrirtækið framleiðir en það er öflugasta antioxidantefni sem fyrirfinnst í náttúrunni.

Það var svo árið 2017 að fyrirtækin tvö höfu formlegt samstarf með það að markmiði að ná ávinningi af samnýtingu á þverfaglegri þekkingu á sviði rannsókna, framleiðslu og sóknarfærum á innlendum sem og erlenda markaði. Ári síðar voru fyrirtækin sameinuð undir nafni SagaNatura.

SagaNatura þróa og framleiðir íslensk fæðubótarefni og heilsuvörur úr þörungum og heilsujurtum. Þörungarnir eru ræktaðir hér í Hafnarfirði og notuð er lífræn ætíðvönn úr Hrisey.

200 MILLJÓN KR. EVRÓPUSAMBANDS-STYRKUR

Nýlega hlaut SagaNatura 200 milljóna króna styrk úr H2020 áætlun Evrópusambandsins sem nefnist SME Instrument. SagaNatura var á meðal þúsunda fyrirtækja sem sótti um þessa styrkveitingu og er þetta því mikil viðurkenning fyrir fyrirtækið.

„Dr. Steinþór Sigurðsson, vísindamaður hjá SagaNatura, hefur uppgötvað áður óþekkt efni í íslenski ætíðvönn sem hefur slakandi virkni á þvagblöðru. Við höfum nú sótt um einkaleyfi á notkun þessa efnis fyrir ofvirka blöðru. Styrknum verður varið í að sanna virkni efnisins, hanna nýja vöru með stöðluðu magni af þessu virka efni og framkvæma 200 manna klíniska



Nýju umbúðirnar er nú allar í úr endurvinnanlegu áli.

rannsókn á fólki með ofvirka blöðru. Styrkurinn mun einnig nýtast í að hefja ræktun og kynbætur á hvönn með því



Hluti af starfsfólki SagaNatura fylgist með kynningu á nýrri heimasíðu keynatura.is

Fiskmarkaðurinn farinn

Fyrsti fiskmarkaður Íslands var í Hafnarfirði



Fyrsti fiskmarkaður á Íslandi hóf starfsemi sína í Hafnarfirði í maí 1987 er Fiskmarkaðurinn hf. tók til starfa við Fornubúðir í 4.000 m² húsnæði.

Fleiri fiskmarkaðir voru stofnaðir og árið 1998 sameinaðist Fiskmarkaðurinn hf. Fiskmarkaði Suðurnesja hf. undir merkjum hins síðarnefnda.

Hefur fiskmarkaðurinn í Hafnarfirði síðan þá verið útstöð sem var rekinn þar til húsnæði markaðarins brann fyrr á þessu ári. Hafði umsvif markaðarins minnkað mikið og var stór hluti húsnæðisins leigður út.

Á stjórnarfundum Fiskmarkaðar Suðurnesja 5. nóvember sl. var svo ákveðið vegna erfiðleika með húsnæði og rekstur útstöðvar FMS í Hafnarfirði að loka henni og færa þá þætti útstöðvarinnar sem hægt veri til útstöðvar í Sandgerði.

Stjórnin sendi hafnarstjórn Hafnarfjarðar bréf þar sem því er komið á framfæri að FMS væri tilbúið að ræða við Hafnarfjarðarhöfn um lausn (ef einhver væri) um sölu á þeim fisk sem hefur undanfarið verið landað og selt á fiskmarkaði í Hafnarfirði.



Aðsetur SagaNatura við Suðurbellu.

markmiði að auka magn þessa virka efnis. Tilgangur verkefnisins er að hjálpa þeim sem kljást við ofvirka blöðru með náttúrulegri lausn sem er án allra aukaverkanna. Þeim sem kljást við ofvirka blöðru er oftast mál og þurfa að pissa á nóttunni, en talið er að um 10% mannkyns hafi ofvirka blöðru sem svarar til 500 milljóna einstaklinga. Tíðni þessa sjúkdóms eykst með hækkandi aldri, segir Sjöfn Sigurgísladóttir framkvæmdastjóri SagaNatura.

VÖRUPRÓUN

Undanfarið hefur fyrirtækið verið að breyta umbúðum en flestar vörur sem seldar eru undir merkinu KeyNatura eru nú í umhverfisvænum áldósum.

Af framleiðsluvörum fyrirtækisins má nefna SagaPro, SagaFemme og SagaMemo, AstaLýsi, AstaEye, Asta-Cardio, AstaFuel, AstaSkin og Íslenskt Astaxanthin auka Voxis hálstaflna og hálsmixtúru. Fyrirtækið selur einnig hrávörur og sínar vörur undir merkjum annarra og þá mest til útlanda.

SagaPro og SagaFemme hafa getið sér gott orð fyrir að gagnast gegn of tíðum þvaglátum. Hins vegar eru AstaEnergy og AstaFuel m.a. ætlaðar íþróttafólki. AstaEnergy er sagt hjálpa til með endurheimt eftir erfiðar æfingar sem þýðir að íþróttafólk er fljótara að koma sér af stað eftir æfingu auk þess sem varan bætir bæði þol og styrk. AstaFuel er vökvablanda sem sögð er henta vel þeim sem stunda æfingar, eru að fasta eða eru á ketó mataræði.

Nánari upplýsingar um vörurnar má finna á keynatura.is



JÓLATÓNLEIKAR
KVENNAKÓRS HAFNAFJARÐAR

Manúaríu Jól

FIMMTUDAGINN 5. DESEMBER 2019
KL. 20 Í VÍÐISTAÐAKIRKJU

STJÓRNANDI: ERNA GUÐMUNDSDÓTTIR
EINSÖNGVARI: GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR
PIANÓ: ANTONÍA HEVESI
BASSI: JÓN RAFNSSON
FLAUTA: GUÐRÚN HERDÍS ARNARSDÓTTIR

MIÐAVERÐ: 3.000 KR
FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
MIÐASALA VIÐ INNGANGINN

AUKINN VÖXTUR

Fyrirtækið hefur stækkað hratt og hefur húsnæðisþörfin aukist. Fyrirtækið er með um 1.000 m² húsnæði við Suðurbellu og nýtir einnig önnur lagerhúsnæði.

Starfsfólk fyrirtækisins hefur þróað eldisker fyrir þörunaframléisluna sem taka mun minna rými en hefðbundnar aðferðir með glerrörum. Tryggvi E. Mathiesen framleiðslustjóri Saganatura ehf. hefur unnið að þróun kerjanna. Kerin eru lokuð og við framleiðsluna eru notaðir ljósvistar (LED) og þó þeir taki langtum minna rafmagn

en hefðbundnar perur þá er fjöldinn svo mikill að HS Veitur þurftu að byggja sérstaka spennistöð utan við fyrirtækið til að geta afhent nægilegt afl. Þurrkerillinn er líka þróaður af starfsfólki fyrirtækisins en mikilvægt var að hanna þurrkara sem lágmarkaði niðurbrot andoxunarefnisins astaxanthins sem er mjög hvarfgjart eins og andoxunarefni eru í sjálflu sér.



SagaMemo hylki eru framleidd úr handvöldum ætihvannarfræjum ásamt bacopa og ginkgo biloba. Á tilraunastofu hefur verið sýnt fram á áhrif hvannarfræja á virkni asetýlkólinesterasa, en það er ensím sem brýtur niður taugaboðefnið asetýlkólin. Mörg lyf við Alzheimer's hindra virkni asetýlkólinesterasa til að auka magn asetýlkólíns. SagaMemo er talið seinka niðurbroti á asetýlkólini.

Frítt söluverðmat sanngjörn sölubóknun fagljósmyndari

„Minn metnaður er
heiðarleiki, vönduð vinnubrögð
og persónuleg þjónusta“



Ársæll Steinmóðsson

löggitur fasteignasali
as@domus.is

Sími: 896 6076

domus
FASTEIGNASALA

Firði, verslunarmiðstöð,
5. hæð (norðurturn), Hafnarfirði

Þingmaður og læknir varði titil sinn sem kótilettumeistari

Sigraði í kótilettuáti á Hrafnistu með miklum yfirburðum

Kótilettudagurinn á Hrafnistuheimilunum er árlegur viðburður, haldinn um það leyti sem Sjómannadagsráð, eigandi Hrafnistuheimilanna, á afmæli, en það var stofnað 25. nóvember 1937.

Þá er þjóðarrétturinn á matseðlinum, steiktar og ofnbakar kótilettur í raspi með rauðkáli, grænum baunum, léttbrúnuðum kartöflum og rabarbarasultu.

Kótilettudagurinn var haldinn sl. fimmtudag á öllum Hrafnistuheimilunum sjö á suðvesturhorni landsins og er talið að um eitt þúsund manns að meðöldu starfsfólki á vakt og gestum hafi sporðrennt kótilettum þennan dag.

Það var sérstök hátíð á Hrafnistu í Hafnarfirði þar sem hin árlega átkæppni var að þessu sinni haldin.

Hafnirski iþróttafréttamaðurinn Hörður Magnússon var kynnir og



Pétur Magnússon forstjóri Hrafnistu, Ásmundur Friðriksson, Frosti bílstjóri, Gústi pípari, Vilhjálmur Árnason, Ólafur Þór Gunnarsson, Sighvatur Halldórsson, Ólafur Haukur Magnússon, Hörður Magnússon og Hálfán Henrysson, formaður Sjómannadagsráðs.



„Ég er búinn með kótilettunum“, segir Ólafur Þór og Vilhjálmur hreinlega gafir af undrun.

Ólafur Haukur Magnússon matreiðslumaður var dómari.

Keppendur í ár voru Ólafur Þór Gunnarsson, læknir og alþingismaður og ríkjandi kótilettumeistari frá því í fyrra, þingmennirnir Vilhjálmur Árna-

son og Ásmundur Friðriksson, Sighvatur Halldórsson frá Kiwanisklúbbnum Heklu, Gústi pípari, sem mætti til leiks með miklum tilþrifum og Frosti bílstjóri.



Mikill áhugi var fyrir keppninni og ekki síður kótilettunum.

Hver keppandi fékk tvö kíló af kótilettum á diskinn sinn og vatn með en ekkert meðlæti svo þeir þurftu þá heldur engin hnifapör.

Mikill áhugi var fyrir keppninni og oru keppendur hvattir til dáða.

Þegar blásið var til keppni fengu þeir 5 mínútur til að borða kótilettunum. Gekk það misvel hjá keppendum og digurmannlegar yfirlýsingar fyrir keppni virtust koma að litlu gagni. Fljótt mátti sjá að þingmaðurinn og

læknirinn Ólafur Þór var ekki í neinum vanda með kótilettunum og tók fljótt forystu og áður en 5 mínúturnar voru liðnar var hann búinn með sínar kótilettur og fékk meira.

Enginn komst nálægt Ólafi og varði hann því titilinn sinn með miklum glæsibrag. Annar varð Sighvatur Halldórsson og þriðji varð þingmaðurinn Vilhjálmur Árnason.

Aðrir í matsalnum nutu matarins og meðlætisins og enginn taldi ofan í þá.

Vill ekki í vasa þeirra sem minnst hafa

Oddviti Framsóknar og óháðra í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sá sig af einhverjum ástæðum tilneyddan að nefna á Facebook að Miðflokkurinn styðji skattahækkunir í bænum. Um er að ræða að nýta útsvarsheimildina sem lög gera ráð fyrir, þ.e. að hækka hana úr 14,48% í 14,52% sem er hámarksútsvar. Ber hann sér á brjóst og hreykir sér af því að meirihlutinn, þ.e. samkrull Framsóknar og óháðra og síðan Sjálfstæðisflokks vilji með þessu léttu greiðslubyrði á barnafölk.

Það sem bæjarfulltrúi samkrullsins nefnir ekki er eftirfarandi:

Hækkun á útsvarsprósentu úr 14,48% í 14,52% þýðir hækkun fyrir þann sem hefur 750.000 kr. á mánuði uppá 300 kr. Hann nefnir ekki að fyrir bæjarsjóð þýðir þetta rúmlega 3 milljónir á mánuði eða 36 milljónir á ári.

Það sem hann nefnir ekki heldur er að þessa peninga eigi mögulega að fá frá þeim sem höllustum fæti standa, öldruðum og öryrkjum. Samkrull Framsóknar og óháðra og Sjálfstæðis-

flokkurinn (ásamt reyndar Viðreisn) vilja hækka verðskrá fyrir heimilis-

aðstoð við aldraða og öryrkja um 24% eða 150 kr./klst. Þetta þýðir að 2ja klst. heimilisaðstoð við aldraða og öryrkja hækkar um sömu upphæð og hækkun mannsins með 750.000 kr. á mánuði. Það má alls ekki rugla bátunum þannig að maðurinn með 750.000 kr. í laun auki skattbyrði sína um 300 kr en réttara að taka það frá þeim sem minnst hafa. Já

með þessu á að léttu undir greiðslubyrði á barnafölk (300 kr) en taka það frá öldruðum og öryrkjum.

Það sem hann nefnir ennfremur ekki er að fyrirhugaðar hækkunir á vissum þáttum gjaldskrár eru langt yfir tilmælum þeim sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út vegna lífskjarasamninganna. Með þessu er meirihlutinn í Hafnarfirði að gefa lífskjarasamningunum langt nef og telja sig yfir slíka samninga hafnir.

Höfundur er bæjarfulltrúi Miðflokksins.



Sigurður Þórður Ragnarsson

27.-30. NÓVEMBER 2019

BLACK FRIDAY

MIDVIKUDAGUR

20% AF ÖLLUM KRAKKAFATNAÐI

KRAKKA BOLIR

FRÁ 1.500 KR.

KRAKKA PEYSUR

FRÁ 3.000 KR.

FIMMTUDAGUR

BÆTUM VIÐ
20% AF ÖLLUM GOLFFATNAÐI

POLO BOLIR

FRÁ 2.500 KR.

GOLF PEYSUR

FRÁ 3.000 KR.

FÖSTD.-LAUGARD.

20% AF ÖLLU Í VERSLUN

BOLIR FRÁ 1.500 KR.

BUXUR FRÁ 3.500 KR.

SKÓR FRÁ 5.000 KR.

GOLF FATNAÐUR

FRÁ 2.000 KR.

KRAKKA FATNAÐUR

FRÁ 1.500 KR.

2. DESEMBER 2019

CYBER MONDAY

MÁNUDAGUR
Í NETVERSLUN

20% AF ÖLLUM UA VÖRUM Í NETVERSLUN

BOLIR FRÁ 1.500 KR.

BUXUR FRÁ 3.500 KR.

SKÓR FRÁ 5.000 KR.

GOLF FATNAÐUR FRÁ 2.000 KR.

KRAKKA FATNAÐUR FRÁ 1.500 KR.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

29. nóv. kl. 18, Seltjarnarnes

Gróttá - FH, I. deild kvenna

29. nóv. kl. 19.15, Ásvellir

Haukar U - Víkingur, I. deild karla

29. nóv. kl. 20, Seltjarnarnes

Gróttá - FH U, I. deild karla

30. nóv. kl. 13.30, Hlíðarendi

Valur - Haukar, úrvalsdeild kvenna

2. des. kl. 19.30, Selfoss

Selfoss - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KARLAR:

ÍR - Haukar: 30-30

Fram - FH: 26-36

Gróttá - FH: 17-36

Haukar - Valur: 30-26

KÖRFUBOLTI:

27. nóv. kl. 19.15, Keflavík

Keflavík - Haukar, úrvalsdeild kvenna

28. nóv. kl. 19.15, Njarðvík

Njarðvík - Haukar, úrvalsdeild karla

I. 12. kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - Grindavík, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KONUR:

Haukar - Skallagrímur: 55-83

ÚRSLIT KARLAR:

Haukar - Keflavík: 86-70

Sérstakur húsnæðis-
stuðningur kemur á móti

fyrirhugaðri hækkun á leigu fyrir leigjendur í félagslega húsnæðiskerfinu.

Leiðrétting vegna misskilnings í aðsendri grein frá Óskari Steini Ómar-syni í síðasta blaði Fjarðarfréttu.

Varðandi fyrirhugaða hækkun á leigu í félagslega húsnæðiskerfinu í Hafnarfirði liggur fyrir tillaga um 21% hækkun á leiguverði þann 1. janúar 2020. Leiguverð er nú tæplega 1.300 kr. og verður eftir hækkun tæplega 1.600 krónur á fermetra.

Þessi hækkun er tilkomin til þess að mæta kostnaði við viðhald og rekstur þessa B-hluta fyrirtækis í eigu Hafnifirðinga þannig að ekki komi til greiðslu úr A-hluta sbr. bls. 41 í greinargerð með fjárhagsáætlun 2020. Á undanförmum árum hefur íbúðum verið fjölgað verulega og

reglur verið yfirfarnar til þess að tryggja sem kostur er að þetta búsetuúrræði nýtist þar sem þörfin er mest. Í október

samþykkti fjölskylduráð þá breytingu að leigjendur í félagslegum íbúðum eiga nú rétt á sérstökum húsnæðis-stuðningi frá Hafnarfjarðarbæ en sá stuðningur er til viðbótar almennum húsnæðisstuðningi sem ríkið veitir. Allir sem fá almennar húsnæðisbætur frá ríkinu geta þar með sótt um að fá sérstakar húsnæðisbætur á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar og þær eru 90% af þeirri fjárhæð sem ríkið greiðir.

Þessi breyting á reglum vegur uppá móti fyrirhugaðri hækkun á leiguverði og hefur misjöfn áhrif til lækkunar en

fyrir tekjulægsta hópinn þá mun endanlegur húsnæðiskostnaður minnka.

Áfram verður Hafnarfjörður með lægsta leiguverð miðað við önnur óhagnaðardrífín leigufélög sem rekin eru á sömu forsendum.

Varðandi aðrar breytingar á gjaldskrá sem Ómar nefnir í grein sinni þá er það rétt að ferðir í akstursþjónustu eldri borgara munu hækka og verða sama gjald og almennt strætófargjald eða tæplega 500 krónur og tímagjald í heimaþjónustu hækkar um 24% og verður eftir hækkun 757 krónur á klukkustund. Þrátt fyrir þessa hækkun er Hafnarfjörður með mun minni kostnaðar þátttöku vegna þjónustunnar en nágrannasveitarfélögin.

Höfundur er bæjarfulltrúi.



Helga Ingólfssdóttir

Hvar má stoppa strætó?

Lögreglan hótar að sekta en gengur mishart fram eftir brotum

Það má segja að Lögreglan hafi gert allt vitlaust þegar hún hótaði að sekta bílsjóra strætó sem stöðvaði við biðstöð á hringtorgi og jafnvel öllum sem sem neyddust til að stöðva fyrir aftan strætó.

Við Vörðutorg í Áslandi er biðstöð í hringtorgi en þó þannig fyrir komið að auðvelt er að fara um hringtorgið þó



Ljóm: Guðni Gleason

strætó sér þar fyrir. Til að verða við tilmælum lögreglu var biðstöðin snarlega færð og sett ofan við gangbraut á Ásbraut. Reyndar er óheimilt að stöðva ökutæki í minna en 5 metra fjarlægð frá gangbraut (þó skylda sé að stöðva fyrir gangandi vefgarendum) og fjölmargar biðstöðvar eru svo nálægt gangbrautum. Lögreglan á því úr vöndu að ráða.

Stefnt var að því að aðskilja biðstöðina við hringtorgið frá hringtorginu með línu eða kanti og væri biðstöðin þá ekki lengur á hringtorginu.

Íbúar í Áslandi eru hæst ánægðir með biðstöðina á hringtorginu.



Ljóm: Guðni Gleason

Fært á stafrænt form

Tek að mér að færa véðó, slide, ljósmyndir yfir á DVD diska eða flakkara.

Fesbook/heima var best, sími 8637265
sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Útsvar og fasteignagjöld
– talnaleikir meirihlutans

Forystumenn meirihluta Sjálfstæðis-flokks og Framsóknarflokks og óháðra hafa gert mikið úr því að Samfylkingin sé flokkur skattahækkana. Samfylkingin hefur nefnilega lagt til að Hafnarfjarðarbær nýti leyf-legt útsvarshlutfall til að styrkja stöðu bæjarstöðs og bæta þjónustu. Formaður bæjarráðs segir það ekki samrýmast stefnu meiri-hlutans enda sé það mark-mið hans að létta undir með fjölskyldufólki í bænum. Það er gott og blessað en þá myndi maður ætla að þessi stefna meiri-hlutans ætti við um aðra skattstofna í bænum, t.d. fasteignaskatta og gjöld.

HÆKKUN

FASTEIGNAMATS EN
ÓBREYTT ÁLAGNING

Tillaga meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og óháðra er að álagningarhlutfallið, sem er 0,26% af

fasteignamati, haldist óbreytt á næsta ári þrátt fyrir hækkun fasteignamats sem þýðir þá í reynd skattahækkun á fasteignaeigendur í Hafnarfirði. Að óbreyttu mun því fasteigna-skattur í Hafnarfirði á næsta ári verða á bilinu 6,9-9,4% hærri en á þessu ári, eftir tegund og staðsetningu húsnæðis. Ef mið er tekið af fjölskyldu í fjölbýli á Völlumum þá hækka fasteigna-gjöld hennar um rúmlega 8% milli ára. Ég á erfitt með að sjá hvernig þessi hækkun sam-rýmist áherslum meirihlutans

um að létta undir með fjölskyldufólki í bænum. Auk þess eru þessar hækkunir út úr öllu korti þegar þær eru settar í samhengi við tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við gerð lífskjarasamninga í vor um að gjöld á vegum sveitarfélaga hækki ekki umfram 2,5% á næsta ári. Meirihlutinn hefur tilmælin að engu með þessum hækkunum á fasteignagjöldum.



Árni Rúnar Þorvaldsson

HVER ERU ÁHRIFIN Á
FJÖLSKYLDUFÓLK Í
BÆNUM?

Meirihlutinn hefur mikinn áhuga á að láta það líta út fyrir að hann sé að hugsa um fjölskyldufólk með því að fullnýta ekki leyflegt útsvarshlutfall. Þetta er í versta falli blekkingarleikur en í besta falli talnaleikir því það sem fólk heldur eftir í hægri vasanum tekur meirihlutinn úr vinstri vasanum í gegnum fasteignagjöldin. Það er lágmark að bæjars-tjórn Hafnarfjarðar sýni íbúum það svart á hvítu hvaða áhrif hækkun fasteignamats og óbreytt álagning fasteignaskatts hefur á fasteignaeigendur í bænum. Gjaldskrárhækkunir hefur meirihlutinn kallað leiðréttingar. Kannski ætlar hann líka að kalla þyngri greiðslubyrði vegna fasteignagjalda leiðréttingu.

Höfundur er fulltrúi

Samfylkingarinnar í fjölskylduráði

KEY
nat
ura

GJAFÄÖSKJURNAR ERU KOMNAR!
GEFÐU HEILSU OG VELLÍÐAN Í JÓLAGJÖF

Gjafaöskjurnar fást í vefverslun keynatura.is
apótekum víðs vegar um Hafnarfjörð og í

FK
FJARÐARKAUP



Gjafaöskjur KeyNatura innihalda sannkallaða heilsutvennu hvort sem það er fyrir **húðina**, **hjarta-** og **æðakerfi**, **augu** eða **aukin kraft** og **betri endurheimt vöðva**.

KeyNatura byggir á vísindum og íslensku hugviti. Vörurnar innihalda hreinar íslenskar afurðir, meðal annars andoxunarefnið Astaxanthin og lífræna ætíhvönn úr Hrísey.

Ekki vilji fyrir háum húsum í miðbænum né uppfyllingum

Um 60 manns tóku þátt í opnum vinnufundi um skipulag miðbæjarins



Lýðm.: Guðni Glásson

Góður andi var á fundinum og vonandi nýstast hugmyndir vel þó gaman hefði verið að sjá fleiri, sérstaklega yngra fólk.

Eftir skelfilega byrjun á vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar, þar sem bæjaryfirvöld misstu trúnað bæjarbúa vegna skorts á samráði, var boðið til opins íbúafundar þar sem fundargestum var falið að koma með hugmyndir og

segja afstöðu sína til ýmissa mála er varða framtíð miðbæjar Hafnarfjarðar.

Þó ýmislegt megi finna að aðferðarfræði og framkvæmd þá mátti taka viljann fyrir verkið en t.a.m. var skráning hugmynda fundargesta með

mjög ómarkvissum hætti og ekki gerð af hlutlausum aðila.

Þá var tekið eftir að þær athugasemdir sem fólk hafði áður sent inn og komið höfðu fram á fyrri íbúafundi voru ekki kynntar fundargestum sem þá gátu ekki nýtt þær í sinni vinnu.

Skipt var í 6 hópa og fóru borðstjórar á milli borða og stýrðu umræðum um ákveðin málafni. Málafni sem tekið var á voru þétting byggðar, staðarandi, græn svæði/bílastæði, samgöngur og aðrar hugmyndir/áherslur.

Ekki náðu allir að fara í gegnum þessi atriði en umræður virtust jákvæðar og uppbyggilegar á borðunum. Meðal þess sem kom fram var eindreginn vilji gegn hug-

myndum um háreista byggð, góð tenging við sjóinn, útvíkkun á miðbæjarskipulaginu út fyrir byggðasafnstorfuna, bættar göngu- og hjólaleiðir, opnun lækjarins til sjávar og margt fleira sem vonandi verður upplýst sem fyrst.

Almenn ánægja virtist vera með fundinn en litlar eða engar



Lýðm.: Guðni Glásson



Lýðm.: Guðni Glásson

Uppllestur í kaffiilmi á Bókasafninu

Næsti uppllestur fimmtudag kl. 20

Kynstrin öll er yfirskrift á jóladagskrá Bókasafns Hafnarfjarðar sem fór af stað í gær með upplestrarkvöldi rithöfundanna Bergs Ebba, Guðrúnar Evu Mínervudóttur, Sólveigar Pálsdóttur og Diónu Sjafnar Jóhannsdóttur sem var að gefa út sína fyrstu skáldsögu.

Húsfyllir var í Bókasafninu og góð kaffihúsastemning. Pallet var með útibú í Bókasafninu með heitt súkkulaði, kaffi og ilmandi kökur.

Í gær var upplestur fyrir eldri börn en þá komu Benný Sif Ísleifsdóttir og las úr bók sinni Alfarannsóknin og Ævar Þór Benediktsson las úr bók sinni Þinn eigin tölvuleikur.

Á morgun, fimmtudag, kl. 20 koma rithöfundarnir Andri Snær Magnason, Fríða Ísberg, Dóri DNA og Dagur Hjartarson og lesa úr bókum sínum í kaffihúsastemningunni í Bókasafninu.



Þétt var setið og góð stemning á meðan lesið var upp úr bókunum.

Guðrún Eva Mínervudóttir les úr bók sinni Aðferðir til að lifa af.

Lýðm.: Guðni Glásson

Jólagjafahandbókin kemur út 4. desember

gudni@fjardarfrettir.is | 565 4513 - 896 4613